

# Pési



## Lesið þetta

- Sjálfboðavinna
- Fréttir frá skrifstofu
- Auglýsingar
- Borframkvæmdir
- Danskennsla

Næsti Pési kemur  
12. sept. Skil á efni  
er 9.sept

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Hönnuður	4
Gönguleiða- kort	6
SS fréttir	13
UMFH 100 ára	17

## Ágúst 2008

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfr Gylfi Pálmason  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

18. árgangur. 218. tölublað. [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is). Sími. 480 6600

## Hefur þú týnt lykli?

Dr. Sigurður H. Magnússon, plöntuvist-  
fræðingur, einn okkar bestu bræðra úr  
Hrunamannahreppi er athugull og áhuga-  
samur um alla hluti í sinni gömlu sveit,  
fann sérlega merkilegan hlut í sumar. Þetta  
er ævaforð koparlykill. Lykilinn fann hann  
við rústir bæjarins Þórarinsstaða vestan við  
Stangará og austan við Heygilssporð, en  
bær þessi fór í eyði árið 1104. Sigurður  
telur líklegt að lykilinn sé af hengilás en  
svipaðir hengilásar voru smíðaðir í Svíþjóð  
á árunum frá 1050 til 1520. Nú er bara  
spurningin hvort eitthvert okkar hafi týnt  
lyklinum eða hvort lykillinn er e.t.v. frá  
musterisriddurunum margumtöluðu. Það er  
full ástæða að kanna málið. .



Foss-lækjarskálinn sem ÁSÆLL er að endurbyggja Ljósni: EG



2 Sinubruni í Laxárgljúfrum

Ljósni.. HK

## **Sjálfbóðaliðsvinna og Sæluhús við Fosslæk!**

Það er stolt hvers sveitarfélags að eiga fólk sem er tilbúið að eyða tíma og peningum í sjálfbóðavinnu. Þetta verður sífellt erfiðara í nútíma-samfélaginu þar sem fólk er miklu fremur þiggjendur en þátttakendur og samfélagsleg hugsun hefur vikið fyrir beinum hagsmunum hvers einstaklings. Sjálfbóðavinnan stuðlar hins vegar oftast að meiri samheldni í samfélaginu er þroskandi og veitir þeim ánægju sem taka þátt í starfinu. Sem betur fer er fjöldi fólks hér í Hrunamannahreppi sem leggur á sig ómælda sjálfbóðavinnu. Þetta þekkjum við vel í gegnum allskyns félagasamtök hér í hreppnum, þar má nefna féлага í kvenfélaginu, ungmennafélaginu, kíwanisklúbbnum, búnaðarfélögunum, landgræðslufélagi, björgunarfélaginu, safnaðarstarfi, kórastarfi og þannig mætti lengi áfram upp telja. Ég ætla að nefna hér nokkur dæmi sem mér detta í hug í fljótu bragði. Nokkrir einstaklingar tóku að sér að skipuleggja uppákomur hér í hreppnum um verslunarmannahelgina, boðið var uppá nýtt grænmeti, skemmtilega traktorstorfæru, furðubátakeppni o.m. fl. Hestamenn eru kappsfullir við byggingu reiðhallar. Unglingar úr Flúðaskóla stóðu fyrir því að byggð var upp sérstök braut fyrir hlaupabretti sem sett hefur verið upp við Íþróttahúsið en Smári Vignisson einn faðir þessa athafnafólks stýrði ungmennunum og stjórnaði verkinu. Áhugafólk hefur staðið fyrir kvöldgöngum um fallegar gönguleiðir í hreppnum og búið er að gefa út gönguleiðakort. Áhugamenn um uppbyggingu sæluhúsa á afrétti okkar eru að byggja upp frábæra aðstöðu við Fosslæk á Hrunamannaafretti. Vinnuhelgi var hjá þeim félögum um helgina og uppbygging gengur mjög vel. Þegar flestir voru taldi hópurinn um 25 manns. Yfirsmiður var Harri Kjartansson sem sveiflaði hamrinum sem aldrei fyrr en forsvarsmáður hópsins eru Unnsteinn Hermannsson. Nú er búið að ljúka við húsið að utan og laga allt umhverfið og færa hestagirðingu. Þetta glæsihús er nú langt komið að innan og stefnir hópurinn að því að það verði tilbúið fyrir afréttarferð í haust. Þetta er lofsvert framtak og á eftir að nýttast samfélagi okkar vel. Hér hef ég einungis talið upp fáein atriði sem mér dettur í hug þar sem „grasrótin“ er að störfum. Sjálfsagt vantar eitthvað inn í þessa upptalningu mína. Forsvarsmenn Hrunamannahrepps þakka öllu því góða fólki sem leggur á sig vinnu við að efla og bæta samfélagið okkar, þetta starf er öllum til góðs.

Ísólfur Gylfi Pálmason,  
Sveitarstjóri.

### Frábær árangur Guðrúnar á Melum

Það er ánægjulegt þegar ungt fólk finnur fjölinna sína og er að standa sig vel í námi og starfi. Ein slík er Hreppakonan Guðrún Guðjónsdóttir sem er nýkomin heim frá Mílanó úr tveggja ára hönnunarnámi. Hún útskrifaðist með hæstu einkunn sem gefin var. Fatnaðurinn sem Guðrún hannaði hefur vakið verðskuldaða athygli. Hún vann m.a. hönnunarkeppni sem fyrirtækið Puma stóð fyrir. Við óskum Guðrúnu og hennar fólki hjartanlega til hamingju með þennan góða árangur og óskum henni velfarnaðar í framtíðinni. Guðrún mun kynna fatnað sem hún hefur hannað á Blómstrandi dögum í Hveragerði sem haldnir verða í næstu viku. Spurning er hvort faðir hennar Guðjón Birgisson, fái dóttur sína til þess að hanna búning á Karlakór Hreppamanna – búningurinn mætti vera svolítið fríkaður!

### Skipholtsskrókur grandskoðaður

Í síðasta mánuði kom rannsóknarleiðangur til þess að kanna fornmuni í Skipholtsskróki. Undir stjórn Þórarins Þórarinsson, arkitekts. Þessir snillingar eru nær sannfærðir um að kenningar um musterisriddarana standist og um þau menningarverðmæti sem falin eru þarna. Hins vegar fannst ekkert í þessari lotu en víst er að þeir munu sækja um leyfi til þess að halda áfram að kanna þetta svæði. Hrunamann henda gaman að því að fjallað hefur verið um þessi mál í íslenskum og ítölskum blöðum þar sem talað er um borgarstjórnann á svæðinu og þykir ýmsum vel í lagt í þeirri nafngift en kunnugir telja að sveitarstjórinn sé enn montnari á eftir og ekki var á það bætandi.

### Laxar ganga upp Litlu –Laxá

Komið hefur verið fyrir laxateljara í Litlu-Laxá. Greinilegt er að líf er í ánni. Mest gengu 58 stykki upp ána þegar tók að rigna í síðustu viku. Hver veit nema Litla-Laxá eigi eftir að verða alvöru laxveiðiá sem væri kærkomin viðbót við aðra afþreyingu í Hreppnum.. Þá verður stutt að fara fyrir kokkana á hótelinu, eða á veitingahúsunum Grund, Efra-Seli eða Snússu að fá spriklandi lax í pottana þegar Litla Laxá verður komin í fullan gang Það er með ólíkindum hve margir veitingastaðir eru í sveitinni okkar. Til gamans má geta þess að hollið sem var um helgina í Stóru Laxá veiddi 17 laxa.

## **Hrunamannahreppur kaupir bankahúsið**

Ákveðið hefur verið að Hrunamannahreppur kaupi Akurgerði 4 sem er hús Kaupþingsbanka. Hér er um framtíðarmál að ræða og hefur komið til tals að flytja hreppsskrifstofurnar í húsið þó að það sé ekki ákveðið enn. Við munum síðan leigja út aðstöðu fyrir einhverskonar starfsemi í annaðhvort húsið en hér er einmitt um þjónustusvæði að ræða og er upplagt fyrir skrifstofur, verslanir eða aðra svipaða starfsemi. Bankinn lokaði í byrjun júlí en áfram verður rekinn hraðbanki á svæðinu

## **Verslunarmannahelgin gekk vel**

Flúðir eru mjög vinsæll áningastaður ferðamanna. Hápunktur sumarsins í þessum efnum er verslunarmannahelgin. Að þessu sinni var helgin lítið auglýst en oft hefur verið skipulögð dagskrá undir heitinu Íðandi dagar en það var ekki í ár. Engu að síður er talið að um 3000 til 4000 manns hafi verið á svæðinu þegar flest var. Traktorstorfæran er einkar vinsæl og var fundinn nýr staður fyrir hana í landi Aðalsteins á Hrafnkelsstöðum. Vonandi getum við haft torfæruna þarna áfram því að Veiðifélagi Litlu-Laxár er mikið í mun að vernda ána með tilliti til samnings sem gerður hefur verið við Stangveiðifélag Reykjavíkur. Benedikt Ásgeirsson bar hita og þunga af skipulagningu og stjórnun keppinnar með dyggri aðstoð Björgunarfélagsins Eyvindar. Flestir hlutir gengu vel um þessa helgi – annað þurfum við að lagfæra. Þá voru flottar hljómsveitir á Útlaganum og þar stiginn léttur dans en KK og Magnús Eiríksson rauluðu ferðalögin sín í félagsheimilinu. Kvöldvaka var í golfskálanum í Snússu. Allir þeir sem komu að skipulagningu þessarar hátíðar eiga þakkir skildar.

## **Borun í landi Kópvatns**

Það hefur ekki farið fram hjá íbúum Hrunamannahrepps að hinn tröllaukni jarðbor Saga hefur unnið nær látlaust hér um nokkra vikna skeið í landi Kópvatns. Þeir bræður Bjarni og Magnús Jónssynir eru einstakir áhugamenn um heita vatnið sem er í iðrum jarðar og hafa svo sannarlega lagt sitt af mörkum til þess að nýta þessar náttúruauðlindir. Hannibal Kjartansson, veitustjóri hefur einnig verið ötull baráttumaður fyrir þetta framtak ásamt veitustjórinni. Borholan er um 1500 metrar og er borun lokið. Niðurstöður borunarinnar liggja ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

## **Hótel Flúðir og ánægjuvogin!**

Í nútímanum bóka gestir gjarnan hótél á netinu undir Booking.com. Þar er ánægjuvog þar sem gestir sem bókað hafa dvöl á hótélum gefa einkunn fyrir frammistöðu. Það er ánægjulegt hve Hótel Flúðir koma vel út úr þessari vog því hótelið fær 8.7 í meðaleinkunn af 10 mögulegum. Einungis eitt hótél á Suðurlandi fær hærri einkunn. Þetta er fráber árangur enda eru gestir almennt mjög ánægðir sem dvelja á hótélinu og matur og þjónusta þykir í sérflokk. Það eina sem við skiljum ekki sem erum svolítið „búttuð“ hvað hann Björn Ingi getur laðað fram góða rétti miðað við hve tággrannur hann er karlinn. Til hamingju með þennan árangur hótélhaldarar.

## **Nýtt gönguleiðakort í Hrunamannahreppi**

Í vikunni kom út nýtt gönguleiðakort í Hrunamannahreppi. Það er Ferða- menningar og æskulýðsnefnd sem sá um útgáfuna undir stjórn Evu Marínar Hlynadóttur. Kortið er mjög skemmtilegt og er hvetjandi fyrir okkur öll að nýta okkur kortið og um leið að njóta útiveru og einstakrar náttúrufegurðar í sveitarfélaginu. Tökum nú fram gönguskóna eða bara gömlu strigaskóna. Skipulögðu gönguferðirnar um sveitina okkar eru einnig til mikillar fyrirmyndar. Síðasta ferð sumarsins verður farin um Stóru-Laxárgljúfur sunnudaginn 7. september n.k. Öllum þeim er komið hafa að þessum málum er þakkað framtakið.

## **Afréttargirðing skoðuð**

Hrunaafréttur er paradís á jörð eins og einhver gamalreyndur smalinn sagði. Landgræðsla og landbætur ganga þar vel og var farið í landgræðsluferð í lok júní s.l. Kaupþing styrkti framtakið um eina milljón króna og munar um minna. Í sumar fóru nokkrir aðilar undir stjórn formanns landbúnaðarnefndar Þorsteins Loftssonar og Björgunarfélagsins Eyvindar en þeir hafa séð um viðhald á girðingunni, til þess að skoða afréttargirðinguna sem á köflum er orðin ansi lúin og þarf nauðsynlega viðgerðar við.. Þá hefur landgræðslugirðing á afréttinum einnig verið að gefa sig og þarfnast lagfæringar .

## **Heimsókn stjórnar Sparisjóðs Suðurlands**

Í síðustu viku kom stjórn Sparisjóðs Suðurlands í heimsókn hingað á Flúðir. Fyrst hittu þeir sveitarstjóra og veitustjóra. Þeim var boðið uppá splunkunýtt grænmeti og jarðarber. Stjórnin er að mestu menn frá Vestmannaeyjum og var ekki annað að sjá á þeim að þeim þætti grænmetið ekki síður gott en lundinn sem er þjóðarréttur þeirra. Engar yfirlýsingar voru gefnar hvað varðar að opna hér bankaútibú – en það var samdóma álit þeirra að sveitin væri kröftug og um leið falleg. Vestmannaeyingar hafa alltaf verið smekkmenn!

## **Heimsókn Ungverskra háskólamanna**

Mikið hefur verið um heimsóknir hingað í Hrunamannahrepp og einnig til Hitaveitu Flúða. Áhuginn fyrir jarðvarma er greinilega mikill. Ungverjar hafa komið hér í tveimur hollum. Annarsvegar stjórnendur orkuveitufyrirtækja og hins vegar ungverskir háskóla- prófessorar með jarðvarma sem sérsvið. Með hópnum var Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur sem stýrt hefur gerð auðlindakortsins í Hrunamannahreppi.

## **Vinirnir minkurinn og pólitíski refurinn**

Sambýli sveitarstjórans „hins gamla pólitíska refs“ og minksins sem var undir sólpallinum hjá hinum fyrrnefnda við Smiðjustíginn á Flúðum vakti verðskuldaða athygli í vor. Illa fór fyrir minknum eins og frægt er orðið og horfinn yfir móðuna miklu. Ekki er vitað hvort það er vegna þess að sveitarstjórinn sakni svona vinar síns undir sólpallinum eða af öðrum ástæðum þá hefur hann flutt sig um set með spúsu sinni og býr nú í litlu bankaíbúðinni í Akurgerðinu við hliðina á ráðhúsinu. Spaugsamir menn telja að það sé gott fordæmi sveitarstjórans að ganga alltaf í vinnuna, þó ekki sé langt að fara. Enn betra fordæmi er hjá skrifstofukonunum þeim Svanhildi og Lilju að hjóla í vinnuna. Jóhannes í Syðra-Langholti orti skemmtilega um sambýli minksins og hins „pólitíska refs“.

Í Flúðarþorpi ríkir ró og friður úr runnum heyrir lágvær þrastaniður. Minkur undir sólpallinum sefur, situr uppi pólitískur refur.

## **. Ungmennafélagið 100 ára**

Ungmennafélag Hrunamanna er eitthundrað ára um þessar mundir. Í tilefni afmælisins verður skemmtun á Álfaskeiði n.k. laugardag. Það er vel til fundið að velja Álfaskeið til hátíðarhalda þar sem þar voru haldnar miklar hátíðir um áraraðir. Það er skemmtilegt að körfuknattleikslíð UMFH skuli hafa skotið sér upp í 1. deild í karlaflokki á afmælisári.

## **Breytingar á pósthjónustu**

Við lokun bankans breyttist pósthjónusta á Flúðum þar sem Íslands-  
póstur rak afgreiðslu í bankanum. María Magnúsdóttir er landpóstur á svæðinu og sér um hjónustuna fyrir Íslandspóst ásamt Jóni Gunnlaugs-  
sýni, landpósti sem dreifir pósti í dreifbýli. María landpóstur dreifir og tekur á móti pósti á Flúðum og sinnir allri þeirri hjónustu sem annars er boðið upp á í póstafrgriðslu. Dreifing pósts fer fram á milli kl. 11.30 – 15.00 alla virka daga. Póstkassi er áfram við Akurgerði 4 og er tæmdur alla virka daga kl 14.30. Frímerki eru seld í Versluninni Strax. Síminn hjá Maríu landpósti er 825-1146 og í hjónustuveri Íslandspósts 580-1200.

## **Skólinn að komast í fullan gang**

Talsverðar endurbætur hafa verið gerðar á skólanum í sumar og þær vonandi allar til góðs, parket verið pússað upp, veggir brotnir niður o.m. fl. Stefán Arngrímsson hefur borið hitann og þungann af því öllu saman í sumar og sérstaklega þakkað þar sem hann er eins og allir vita húsvörður í félagsheimilinu en hljóp í skarðið sem skapaðist þegar Halldór Gestsson féll frá. Smíðastofan er í smíðum og verður vonandi tilbúin innan tíðar, þó er ljóst að hún verður ekki tilbúin þegar skóli hefst. Alltaf eru talsverðar breytingar á starfsliðinu í skólanum. Öllu því góða fólki sem er að hætta störfum er þakkað um leið og nýtt fólk er boðið velkomið. Þá verða þær Guðrún Pétursdóttir skólastjóri og Sjöfn Sigurðardóttir í námsleyfi í vetur en í barnsburðarleyfi verða þær Alma Jenný Sigurðardóttir og Fríður Sæmundsdóttir. Elín Jóna Traustadóttir verður einnig í ársleyfi þar sem hún mun starfa hjá TRS á Selfossi í vetur. Flúðaskóli verður settur föstudaginn 22. ágúst kl. 10.00.





### Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-19:00
<b>Sunnudaga</b>	10:00-19:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði

*Andlitsbað Húðhreinsun*

*Litun og plokkun Handsnyrting*

*Fótsnyrting Förfun Vaxmeðferðir*

*Tímappantanir í síma 566-8342*

*og 856-1599(Hlíf)*

Atvinna!!

Starfskraftur óskast á kúabú

Upplýsingar gefur Fjóla. Sími 868 5751

Kvígur til sölu

Burðartími sept-okt "08

Upplýsingar í síma 894 3333

## Frá þjóðhátíðarnefnd

Nefndin vill þakka kærlega öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn við að gera hátíðarhöldin á 17.júní sem best úr garði. Margir leggja þar fram heilmikla ólaunaða og óeigingjarna vinnu.

Einnig viljum við þakka öllum þeim sem tóku þátt í keppnum dagsins kærlega fyrir þátttökuna. Allir keppendur stóðu sig með mikilli þryði. Hér að neðan eru úrslit dagsins:

### **17.júní hlaupið:**

#### Stúlkur- Yngri flokkur

1.sæti Kristín  
2.sæti Ingibjörg  
3.sæti Andrea

#### Drengir- Yngri flokkur

1.sæti Einar Trausti  
2.sæti Óskar  
3.sæti Gísli Valur

#### Stúlkur- Eldri flokkur

1.sæti Karen  
2.sæti Ásta  
3.sæti Gunnhildur

#### Drengir- Eldri flokkur

1.sæti Þorsteinn Helgi  
2.sæti Eiríkur  
3.sæti Arnar

Þess ber að geta að Kristín Helgadóttir hefur unnið yngri stúlknaflokkinn þrjú ár í röð og því hefur hún unnið bikar fyrir 17.júní hlaup til eignar.

### **Kassabílarallý:**

#### Yngri flokkur

Anna Dagbjört, Jón Hermann og Valgeir fóru brautina á 22:91 sek.

#### Eldri flokkur

Ari, Hafþór og Þorsteinn Helgi á Ford Bronco fóru brautina á 18:57 sek

### **Kassaklifur:**

#### Stúlkur

1.sæti Guðný Vilmundardóttir með 28 kassa

#### Drengir

1.sæti Kjartan Helgason með 19 kassa

Með bestu kveðju  
17.júní nefndin



## Halló dansunnendur !!!

Nú í haust ætlum við að bjóða upp á danskennslu, í Golfskálanum á Efra-Seli.

Búið er að útvega danskennara sem heitir Anna Berglind.

Höfum við hugsað okkur að

vera eitt kvöld í viku og tvo tíma í senn, byrja mánudaginn 15, sept. kl 20:30. Allir velkomnir 14 ára og eldri byrjendur sem lengra komnir. Ekki er hægt að segja nákvæmlega hvað þetta muni kosta en hægt er að leita sér frekari upplýsinga í Golfskálanum hjá Ástu Guðnýu og Halldóri á Efra-Seli, í síma 8917811 eða 4866454.

Best er að tilkynna þátttöku sem fyrst eftir að fréttabréfið kemur út.

---

### Frá Bókasafni Hrunamanna.

**Mánudaga Kl. 20-21**

**Þriðjudaga Kl. 16-18**

**Miðvikudaga Kl. 16-18**

Á bókasafninu er tölva fyrir almenning tengd Internetinu.

Gjaldskráin er ½ klukkustund á kr. 100,-.

Alltaf eitthvað nýtt í hverri viku.

Verið hjartanlega velkomin.

Sími : 486 6708

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

# Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hruna-  
mannahreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskups-  
tungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf  
Starfsfólk Flúðaleiðar

## Fréttir frá Sláturfélagi Suðurlands!

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um verðlagningu sauðfjárafurða, á komandi hausti. En öllum er ljós þörfin á verulegri hækkun til bænda. SS. hefur greitt einna hæsta verð undanfarin ár, og mun fylgja eftir samkeppni í þeim efnum.

Allt sauðfjárinnlegg þ.m.t. útflutningsskylda verður staðgreitt, þ.e. lagt inn á bankareikninga innleggjenda, föstudag eftir innleggsviku.

Þetta er merki um fjárhagslegan styrk sláturfélagsins þar sem nú kreppir að í þjóðfélaginu og bankar hafa nánast lokað á lánveitingar.

Ef verðákvörðun liggur ekki fyrir þegar komið er að gjalddaga á sumar-slátrun verður greitt sama verð og í fyrra, og mismunur leiðréttur um leið og það rétta liggur fyrir.

Meðfylgjandi er tafla yfir sláturtölur fram að hefðbundinni sláturtíð

Sláturvika	Yfirborgun Markaðsr.	Yfirborgun SS á innanl. hluta	Samt. pr/kg mv. 15 kg dilk	Útflutn.- skylda	Sl.fjöldi
34(18.-22/8)	500 kr/dilk	37 kr/kg	70 kr/kg	28%	2.000 stk
35(25.-29/8)	200 kr/dilk	39 kr/kg	52 kr/kg	28%	4.000 stk
36 (1.- 5/ 9)		39 kr/kg	39 kr/kg	28%	
37 (8.- 12/ 9)		35 kr/kg	35 kr/kg	28%	
38 (15.-19/9)		15 kr/kg	15 kr/kg	28%	

SS greiðir á sömu flokka og Markaðsráð sem eru flokkar E-O, fituflokkur 1-3+ fyrir sláturtíð og á flokka E-O, fituflokka 1-3 eftir sláturtíð. Útflutningshlutfall er skv. tillögu Markaðsráðs sem bíður staðfestingar ráðherra.

Nautgripaslátrun gengur mjög vel, og allt sótt um leið og það býðst. Sama er að segja um afsetningu hrossa, enn sem komið er.

Félagið sendir kærar kveðjur og þakkar góð viðskipti.

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabryjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf  
Gunnbjarnarholti  
480-5600  
[www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)



Tamningstöðin Langholtskoti  
Nokkur pláss laus í tamningu og þjálfun  
Manni Langholtskoti sími 899 0772



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Lóggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

## **Dagskrá blómstrandi daga í Listasafni Árneseinga**

Í Listasafni Árneseinga stendur nú yfir sýning sem ber heitið

### **Á ferð með fuglum - Höskuldur Björnsson**

Höskuldur fæddist í Dilksnesi í Nesjum á Hornafirði 26. júlí árið 1907 en bjó síðustu sautján ár ævi sinnar í Hveragerði eða þar til hann lést árið 1963. Á starfsferli sínum markaði hann sér sérstöðu sem helsti fuglamálari landsins og í hugum margra landsmanna lifir hann enn sem slíkur. Hann var einnig afkastamikill landslagsmálari og það eru einkum þessi viðfangsefni sem skoða má á sýningunni. Sýningarstjóri er Hrafnhildur Schram. Safnið er opið alla daga kl. 12 –18 og er aðgangur ókeypis.

## **Föstudagur – sunnudagur 15.-17. ágúst**

Í tilefni blómstrandi daga hefur Leikfélag Hveragerðis sett upp sýningu á ljósmyndum frá flestum leiksýningum þess og tilheyrandi leikskrár í Listasafni Árneseinga. Fer vel á því samhlíða núverandi sýningu því Höskuldur starfaði með leikfélaginu, málaði leiktjöld og vann einnig leikskrár.

## **Sunnudagur 17. ágúst kl. 14:00**

Bjarni Eiríkur Sigurðsson spjallar við gesti og segir frá kynnum sínum af Höskuldi og hvernig það var að alast upp í Hveragerði þegar skáld og aðrir listamenn settust þar að á eftirstríðsárunum.

Bjarni er sonur Ingunnar Bjarnadóttur, tónskálds frá Kylvuholti á Mýrum við Hornafjörð. Á Hornafirði kynntist Bjarni Höskuldi fyrst, þá 10 ára. Vinfengi var á milli Höskulds og foreldra Bjarna og fluttust báðar fjölskyldur árið 1946 til Hveragerðis. Bjarni varð síðar kennari við Grunnskólann í Hveragerði þar sem hann kenndi m.a. myndmennt. Árið 2000 kom út bók eftir Bjarna, Bernskubrot, þar sem finna má frá-sögn um lífið í Hveragerði á dögum skálda og annarra listamanna.

## **kl. 17:00**

Tónleikar með jazzkvartett Vigdísar Ásgeirsdóttur í Listasafni Árneseinga.

Nánari upplýsingar veitir

Inga Jónsdóttir safnstjóri, [listasafn@listasafnarneseinga.is](mailto:listasafn@listasafnarneseinga.is), gsm 895 1369

## **Sundlaugin á Flúðum.**

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 10:00-21:00

Laugardaga: 10:00-18:00

Sunnudaga: 10:00-18:00

*Skrifstofa Hrunamannahrepps  
Opnunartími hreppsskrifstofu í sumar*

*Mánudaga til fimmtudaga:  
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:30*

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **480 5300**  
**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

Bílstjóri óskast!

Vantar bílstjóra m/rútuþróf til að sjá um akstur með skólabörn úr Langholtshverfi að Flúðum, fullt starf. Einnig bílstjóra til að aka nemendum F.Su: Flúðir –Selfoss-Flúðir.

Guðmundur Tyrfingsson ehf. S. 482 1210 / [gt@gtbus.is](mailto:gt@gtbus.is)

### **Íbúð til leigu**

Íbúð til leigu á Flúðum

Upplýsingar í s: 868 1245 og 860 7041

Taktu þér tak með  
Herbalife.  
Hringdu og fáðu frían  
prufupakka  
Eva Marín Hlynsdóttir  
Sjálfstæður dreifingar-  
aðili Herbalife.  
[silja1@simnet.is](mailto:silja1@simnet.is) / 892  
6728



### **Hár-Hrun**

Klippi í Félagsheimili Hruna-  
manna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.



# 100 ára afmælishátíð Ungmennafélags Hrunamanna

Haldin á Álfaskeiði laugardaginn 16. ágúst.

## Dagskrá

- 13:30 Setning – formaður UMFH setur hátíðina  
Söngur  
Helgihald – Séra Eiríkur Jóhannsson stjórnar helgihaldi  
Heiðursræða – Jóhannes Sigmundsson stiklar á stóru um starf ungmennafélagsins fyrir og síðar.
- 14:30 **Íþróttamót**  
Kepppt verður í eftirfarandi greinum.
- Reiptog – keppni milli sókna  
Spretthlaup  
Langstökk  
Hástökk  
Víðavangshlaup  
Skotkeppni í körfuknattleik  
Sveitahreysti
- 16:00 Gönguferð með leiðsögn, þar sem m.a. verður gengið um skógræktina á Álfaskeiði
- 18:00 Kveikt verður í grillum, en vonast er til þess að fólk komi með eitthvað gott á grillið með sér og snæði saman.
- 19:30 Brenna og brekkusöngur við harmonikkuundirleik. Að því loknu verður stíginn dans á pallinum!

Kvenfélagið sér um afmælistkaffi milli kl. 14.00 og 16.00. Þá verður einnig lítil sjoppa á staðnum sem getur ekki tekið við greiðslukortum.

Stórt tjald verður á svæðinu með borðum og stólum fyrir fjölmarga.

Að lokum er fólk hvatt til þess að koma ríðandi á svæðið eins og gert var á árum áður. Hestagirðing verður á svæðinu.

Við vonumst til að sjá sem flesta,  
Stjórn UMFH

Vöruflutningar  
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Skútuvogi 13  
Sími: 533 2211

**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Skútu-  
vogi 13. sími: 533 2211. Mánu-  
daga til föstudaga kl. 13:00, Á  
Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán





Hressir strákar á rusladegi

Ljós: IGP



Frá afhendingu 1.000.000 kr til  
Landgræðslufélags Hrunamanna  
Ljós:IGP



Grafið eftir gersemum í Skipholtskrók  
Ljós: EG



Gúrkuplöntur vökvaðar í sumarhitnum

Ljósm.. SigSigm



Frá borsvæðinu við Auðnugil í landi Kópvatns  
20

Ljósm. HK